

**Ed.**

## **138. Frumvarp**

til laga um einkasölu ríkisins á fóðurmjöli og fóðurbæti.

Flm.: Jón Baldvinsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

### **1. gr.**

Ríkisstjórnin skal þegar taka í sínar hendur innflutning til landsins á fóðurmjöli og fóðurbæti, svo sem: Oliukökum, baðmullarfræmjöli, sojamjöli, pálma-kjarnamjöli og kökum, jarðhnetumjöli og kökum, manioka og tapiokamjöli, melasse (sætfóðri), klíði, hænsna- og fuglafóðri, svinamjöli, hyggi, höfrum, mais, maismjöli, öðru fóðri og fóðurlöndu.

### **2. gr.**

Fóðurmjöl og fóðurbæti þann, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum.

### **3. gr.**

Nafn verzlunar ríkisins skal vera „Fóðurbætiseinkasala ríkisins“.

### **4. gr.**

Ríkisstjórnin annast rekstur fóðurbætiseinkasölnunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölnunnar, en ef hentugra þykir að leggja rekstur einkasölnunnar undir einkasölur þær, sem fyrir eru, skal ríkisstjórninni það heimilt. Þá skal ríkisstjórninni og heimilt að fela stofnun, er þar til þykir hæf, að annast rekstur einkasölnunnar.

### **5. gr.**

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með fóðurbætisbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu, þegar lög þessi öðlast gildi.

### **6. gr.**

Fóðurbætiseinkasala ríkisins skal selja fóðurbætinn með kostnaðarverði, að viðbættum 2 af hundraði. Fé því, sem þannig fæst, skal varið til að gera tilraunir með innlendan fóðurbæti. Nánari reglur um tilraunir þessar skulu settar í reglugerð.

### **7. gr.**

Fóðurbætiseinkasala ríkisins skal jafnan hafa nokkurn forða af fóðurmjöli og öðrum fóðurbæti fyrirbyggjandi í Reykjavík.

### **8. gr.**

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð í smásölu á vörum þeim, er ræðir nm í lögum þessum.

### **9. gr.**

Endurskoðendur landsreikninga skulu endurskoða reikninga einkasölnunnar.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 kr. til 20 þús. kr., ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er þrennt, sem á að vinnast með frv. þessu. Í fyrsta lagi, að eigi sé til landsins fluttur annar fódurbætir en sá, er reynsla hefir sýnt, að komi að beztu gagni. Hitt annað, að tryggja það, að jafnan séu til í landinu hæfilegar birgðir af hinum algengustu og nauðsynlegustu fódurbætistegundum, og í þriðja lagi, að gerðar séu ýtarlegar tilraunir með fódurbæti, annaðhvort úr innlendum efnum eingöngu eða blandaðan innfluttum fódurtegundum. Telja flm., að þessum tilgangi yrði bezt náð með því, að ríkisstjórnin taki allan innflutning þessarar vörutegundar í sínar hendur, og raunar einu leiðina til þess, að ýtarlegar rannsóknir séu gerðar um innlendan fódurbæti, enda er í frv. ætlað nokkurt fé til þessara rannsókna. Eftir innflutningi síðustu ára mundi sú fjárhæð, með 2% álagi, varla nema minna en 10—15 þúsundum króna á ári.

Vegna gjaldeyrisástæðna er mikil nauðsyn á því að spara kaup á erlendum vörum, og þá einnig á fódurbæti, ef hægt væri í þess stað að nota innlendan fódurbæti. Vafalaust er hægt, í öllu venjulegu árferði, að afla nægilegra heyja fyrir allan búpening landsmanna. En til þess að slíkt geti komið að gagni, þarf vafalaust að gera margvislegar ráðstafanir, bæði um öflun heys, geymslu á því og flutning. Verður þó sjálfsgagt ávallt að gera ráð fyrir nokkurri notkun fódurbætis, sérstaklega vegna aukins búskapar í kaupstöðum landsins, og enn um langt skeið mikilli fódurbætisnotkun, meðan lítil tók eru á því að kaupa við viðunandi verði gott innlent hey.